

Rannsókn: Áhrif efnahagshrunsins árið 2008 á Íslandi á pólska íbúa í Reykjanesbæ

Styrkþegi: Hera Ósk Einarsdóttir, félagsráðgjafi f.h. Reykjanesbæjar, verkefnastjóri forvarnar og þróunar hjá Reykjanesbæ.

Samantekt

Hver hafa áhrif efnahagshrunsins verið á pólska íbúa Reykjanesbæjar?

Ljóst er af svörum þátttakanda að aukið atvinnuleysi, minnkandi tekjur, samdráttur í útgjöldum og afkomuótti eru meðal þeirra neikvæðu afleiðinga sem efnahagshrunið á Íslandi hefur haft á þátttakendur í könnuninni. Öllu jákvæðari áhrif má sjá í vísbindingum um fjölskyldusameiningu hjá pólskum íbúum í Reykjanesbæ í kjölfar hrunsins, aukinni áherslu á íslenskunám og aðlögun í samfélaginu, sem m.a. kemur fram í nýtingu á stoð- og þjónustukerfi samfélagsins. Ýmis tækifæri liggja í þátttöku íbúa og samfélagslegri virkni þrátt fyrir efnahagshrunið, með auknu íslenskunámi og aðlögun að samfélaginu, en ógnanir liggja í því ef aðlögunin verður ekki gagnkvæm, því ógnanir liggja m.a. í hættu á auknum fordómum við erfiðar atvinnu – og efnahagsaðstæður þjóðarinnar, sérstaklega á svæði sem hefur orðið eins illa úti í atvinnumálum og Suðurnesin og samfara þessum aðstæðum er aukin hættu á neikvæðni í garð innflytjenda. Mikilvægt er að sveitarfélagið standi vörð um framkvæmd fjölmenningsstefnu sveitarfélagsins til að stuðla að gagnkvæmri aðlögun að fjölmenningslegu samfélagi, eflingu jafnréttis og aðgerðum sem draga úr mismunun. Án gagnkvæmrar virðingar og jafnréttis getur samfélagið sem við búum í ekki hlúð að og tryggt velferð allra einstaklinga sem þar búa.

Könnunin var framkvæmd á tímabilinu 26. Október 2010 – 30. Apríl 2011. Um er að ræða póstkönnun og voru spurningalistarnir sendir út á pólsku. Endanlegt úrtak 540 pólskir íbúar Reykjanesbæjar 18 ára og eldri, svarhlutfall 17,6%. Vegna lágs svarshlutfalls er ekki hægt að yfirfæra niðurstöður könnunarinnar sem almenn viðhorf pólskra íbúa í Reykjanesbæ en niðurstöðurnar er engu að síður hægt að nýta sem vegvísa í starfi Reykjanesbæjar í innflytjendamálum með öðrum þeim gögnum sem sveitarfélagið aflar í þessum málaflokki.

Study: The effects of the 2008 economic crisis in Iceland on Polish inhabitants of Reykjanesbær

Grant recipient: Hera Ósk Einarsdóttir, social worker on behalf of Reykjanesbær, project manager for prevention and development at Reykjanesbær.

Abstract

What have the effects of the financial crisis been on the Polish inhabitants of Reykjanesbær?

It is clear from the participant's answers that increased unemployment, diminishing income, less spending and earning fears are among the negative consequences that the financial crisis in Iceland has had on the participants in the survey. More positive effects can be seen in indications of family unification of Polish inhabitants in Reykjanesbær after the crisis, an increased emphasis placed on Icelandic studies and adaptation to the community, which is seen for instance in the utilisation of support- and social services in the community. Various opportunities are in inhabitant participation and societal activities despite the financial crisis, with increased Icelandic studies and adaptation to the community, but the threats are in the fact if the adaptation is not mutual, because the threats are among others the danger of increased prejudice in the nation's difficult employment- and economic circumstances, especially in areas that have been hit hard as the Suðurnes and in conjunction with these circumstances there is increased danger of negativity towards immigrants. It is important for the municipality to guard the implementation of its multicultural policy to promote mutual adaptation to a multicultural community, the promotion of equality and to take measures that decrease discrimination. Without mutual respect and equality, the community we live in cannot care for and ensure the welfare of all the individuals that live there.

The survey was implemented in the time period of the 26th of October 2010 to April 30th 2011. This was a postal survey and the questionnaires were sent out in Polish. The final sample was 540 Polish inhabitants of Reykjanesbær, aged eighteen and older, the response rate 17.6%. Because of a low response rate the results of the survey cannot be inferred as a general attitude of Polish inhabitants of Reykjanesbær but the results can never the less be used as guidance in the work of Reykjanesbær in immigration issues along with other data that the municipality gathers in this field.

Reykjanesbæ 26. Júlí 2011

Hera Ósk Einarsdóttir félagsráðgjafi